

# Fréttabréf

## Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 3. tbl. 12. árg. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

### *Tími tíl að lesa*

Að finna tíma til (heima)lesturs getur verið snúið í amstri dagsins. Engu að síður er það mikilvægt til að ná fullkomnum tókum á lestrinum. Það þarf hins vegar ekki að vera svo flókið að finna tíma til að æfa lestur.

- Nýtið styttri og lengri ferðalög og biðtíma til lestars.
- Hafið bækur og tímarit meðferðis t.d. í bílnum, þar sem hægt er að grípa í lestur og/eða skoða myndir við ýmis tækifæri. Hvetjið eldri börn til að taka uppáhaldsbókina með sér og lesa þegar færi gefst.
- Notið tímann á morgnana, eftir kvöldmatinn, eftir baðið og uppi í rúmi til lestars.
- Tækifæri til lestars er alls staðar í umhverfinu, í bílnum er t.d. hægt að fara í ýmsa lestrarleiki, með því að finna bókstafi og/eða orð t.d. heiti á verslunum eða götum. „Hver er fyrstur að finna götu sem byrjar á B?“ „Hver finnur fyrst verslun sem byrjar á K?“.
- Í verslunarleiðangrinum er hægt að hvetja yngri börn til að reyna að lesa utan á vörurnar eða finna vörur sem byrja á ákveðnum bókstöfum, „Finnið vöru sem byrjar á S, F, L“. Eldri börn geta lesið innkaupaseðilinn.
- Við matreiðsluna eða baksturinn er upplagt að biðja barnið að lesa uppskriftina og/eða leita á netinu að uppskriftum.
- Leyfið barninu að senda tölvupóst til ættingja (ömmu, afa) og lesa svarið þegar það kemur.
- Aðstoðaðu barnið við að skrifa „sniglabréf“ til ættingja. Það hjálpar barninu við að skilja markmiðið með ritun.



- Á meðan foreldri tekur til á heimilinu er upplagt að biðja barnið að lesa upphátt uppáhaldsbókina sína á meðan. Yngri börn geta talað um myndirnar í bókinni og/eða endursagt söguna (málörvun).
- Gætið þess að barnið eigi notalega stund við lestur bóka og/eða lesið fyrir það.
- Sjónvarpsáhorf og tölvuleikir koma aldrei í stað lesturs.
- **FYRIRMYNDIR** - Mikilvægast er þó að barnið sjái foreldra sína lesa. Barn sem elst upp við að sjá foreldra sína grípa í bók/lestur er líklegra til að vilja lesa og lesa á fullorðinsárum.



Skólaskrifstofa Austurlands;

Sótt af <http://kidshealth.org/parent/positive/#cat20617> 18. júní 2015

## *Foreldrakönnun Skólapúlsins*

Í febrúar fengu foreldrar 120 barna í skólanum könnun á vegum Skólapúlsins en nöfn þeirra voru dregin út í líkindaúrtaki. Góð þátttaka foreldra var í könnuninni en það þarf yfir 80% svörun svo niðurstöður séu marktækar. Niðurstöður foreldra í Grunnskóla Hornafjarðar eru síðan bornar saman við niðurstöður úr öðrum skólum og skiptast svörin í 5 flokka.

### **1. Nám og kennsla**

Foreldrar eru álíka ánægðir með nám og kennslu og aðrir foreldrar á landinu. Þeir eru marktækt ánægðari með stjórnun skólans en aðrir foreldrar á landinu og heldur fleiri foreldrum hér finnst að aginn í skólanum mætti vera meiri.

### **2. Velferð nemenda**

Í þessum flokki eru foreldrar í Grunnskóla Hornafjarðar heldur ánægðari í flestum tilfellum en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Á það við um ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og líðan nemenda í kennslustundum. Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan þeirra í frímínútum og nú telja foreldrar hér umfang eineltis vera minna en aðrir foreldrar á landinu og eru

sáttari við úrvinnslu mála en þeir eru hinsvegar marktæk óánægðari með hraða á úrvinnslu eineltismála.

### **3. Aðstaða og þjónusta**

Í þessum flokki eru foreldrar líka ánægðari en aðrir og gildir það um alla þætti en hér eru foreldrar marktækt ánægðari en annars staðar með aðstöðuna í skólanum. Það er ánægja með tómsundabjónustu sem er í boði utan hefðbundins kennslutíma og einnig nota fleiri nemendur frístundaheimilið. Um það bil 91% nemenda hér nýta sér mötuneytið og eru það fleiri en á öðrum stöðum á landinu en ánægja foreldra með það hefur aðeins minnkað á milli ára.

### **4. Foreldrasamstarf**

Í þessum flokki eru foreldrar sáttari en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Þeir telja að það sé leitað eftir tillögum frá þeim, að þeir hafi áhrif á ákvarðanir er varða nemendur og eru heldur ánægðari með síðasta foreldraviðtal. Fleiri foreldrar hér telja sig fá að taka þátt í gerð námsáætlana með nemendum og marktækur munur er á því að þeir séu vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá og meiri ánægja er hjá þeim með heimasíðu skólans en hjá foreldrum annarsstaðar.

### **5. Heimastuðningur**

Foreldrar hér telja sig sig veita barninu álíka mikinn stuðning í námi og foreldrar annarsstaðar en hafa heldur minni trú á getu sinni til þess að aðstoða þau við heimanámið. Fleiri foreldrar hér telja að heimavinna sé hæfilega mikil en þeir verja minni tíma í að aðstoða börnin við heimanám. Fleiri foreldrar hér gera ráð fyrir að barnið ljúki iðnnámi og grunnnámi á háskólastigi en framhaldsnámi í háskóla.

### **Samantekt**

Þegar á heildina er litið koma niðurstöður Skólapúlsins vel út. Það eru helst samskipti nemenda sem þarf að vinna meira með og það munum við vissulega gera. Þar mun þó aldrei nást árangur nema með dyggum stuðningi foreldra, virðingu fyrir náunganum, þrautseigju og þolinmæði. **Enn og aftur hvetjum við foreldra til að vera óhrædda að tilkynna einelti ef grunur leikur á að um slíkt gæti verið að ræða. Komið í skólann og ræðið við kennara eða stjórnendur – við viljum frekar fá of margar tilkynningar en of fáar. - Leyfum börnunum að njóta vafans.**

# Umhverfissáttmáli Grunnskóla Hornafjarðar

- Ganga vel um umhverfi okkar og hjálpast að við að tína rusl
- Temja okkur hugmyndir um sjálfbærni í umgengni við umhverfið
- Standa saman um að ganga/hjóla meira og menga minna
- Hafa vináttu og velvilja að leiðarljósi í öllum samskiptum
- Hjálpast að við að flokka rusl og endurvinna allt sem hægt er

## Matseðill í apríl

4. apríl Steiktur fiskur með raspi.

5. apríl Lasagne með hvítlauksbrauði.

6. apríl Súpa, brauð og álegg.

9. apríl Karrý plockfiskur m. rúgbr,

10. apríl Hakkabuff með brúnni sósu

11. apríl Fiskréttur kokksins.

12. apríl Kjúklíngaleggir með st. kart.

13. apríl Súpa, brauð og álegg.

16. apríl Steiktur fiskur m kaldri sósu

17. apríl Pasta bologne með

hvítlauksbrauði

18. apríl Fiskibollur með bernessósu

23. apríl Ofnsteiktur fiskur.

24. apríl Kjöt í karrý.

25. apríl Fiskur með raspi.

26. apríl Hakkréttur í takkóskál

27. apríl Súpa, brauð og álegg.

30. apríl Ofnbakaður fiskur m/kaldri sósu



## Verndum umhverfið – hugum að heilsunni – notum eigin orku

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki þegar dimmt er. Svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Skaftfellingi. 😊



Páskafrí hefst að lokinni kennslu 23. mars.  
Kennsla hefst aftur miðvikudaginn 4. apríl.

*Gleðilega páska*